



Setjið hylkið í

1




Gatið og sleppið

2




Andið djúpt inn

3




Kannið hvort hylkið sé tómt



Kanna




Skref 1a:
Dragið hettuna af




Skref 1b:
Opnið innöndunartækið




Skref 1c:
Hylkið fjarlæggt
Takið eina þynnuna af þynnuspjaldinu. Opnið þynnuna og fjarlægjið hylkið. Ekki þrýsta hylkinu í gegnum þynnuna. Ekki gleypa hylkið.




Skref 1d:
Hylkið sett í
Aldrei má setja hylki beint ofan í munnstyckið.



Skref 1e:
Lokið innöndunartækinu



Skref 2a:
Gatið hylkið einu sinni
Haldið innöndunartækinu uppréttu. Gatið hylkið með því að þrýsta þétt á báða hliðarhnappana samtímis. Það á að heyrast smellur þegar hylkið gatast. Gatið hylkið einungis einu sinni.



Skref 2b:
Sleppið hliðarhnöppunum



Skref 3a:
Andið alveg frá
Ekki blása í innöndunartækið.




Skref 3b:
Andið lyfinu djúpt inn
Haldið innöndunartækinu eins og sýnt er á myndinni. Setjið munnstyckið í munninn og umlykið þétt með vörunum. Ekki þrýsta á hliðarhnappana. Andið inn hratt og eins djúpt og er mögulegt. Við innöndun heyrast þytur. Við innöndun gæti fundist bragð af lyfinu.



Skref 3c:
Haldið niðri andanum
Haldið niðri andanum í allt að 5 sekúndur.


Skref 3d:
Hreinsið munninn
Hreinsið munninn með vatni eftir hvern skammt og spýtið.



Kannið hvort hylkið sé tómt
Opnið innöndunartækið til að sjá hvort eitthvað duft sé eftir í hylkinu.

Ef duft er eftir í hylkinu:

- Lokið innöndunartækinu.
- Endurtakið skref 3a til 3d.




Fjarlægjið tómt hylki
Setjið tóma hylkið í heimilissorpið. Lokið innöndunartækinu og setjið hettuna aftur á.

Mikilvægar upplýsingar

- Enerzair Breezhaler hylki á alltaf að geyma í þynnuspjaldinu og aðeins skal taka þau úr rétt fyrir notkun.
- Ekki þrýsta hylkinu í gegnum þynnuna þegar það er tekið úr þynnunni.
- Ekki gleypa hylkið.
- Ekki nota Enerzair Breezhaler hylki með neinu öðru innöndunartæki.
- Ekki nota Enerzair Breezhaler innöndunartæki til að taka önnur lyf í hylkjum.
- Aldrei setja hylkið í munninn eða í munnstyckið á innöndunartækinu.
- Ekki þrýsta á hliðarhnappana oftar en einu sinni.
- Ekki blása í munnstyckið.
- Ekki þrýsta á hliðarhnappana á meðan andað er inn um munnstyckið.
- Ekki snerta hylkin með blautum höndum.
- Aldrei má þvo innöndunartækið með vatni.

Pakkningin með Enerzair Breezhaler innöndunartæki inniheldur:

- Eitt Enerzair Breezhaler innöndunartæki
- Eitt eða fleiri þynnuspjöld, hvert inniheldur 10 Enerzair Breezhaler hylki til notkunar í innöndunartækið



Innöndunartæki

Neðri hluti innöndunartækis

Þynnuspjald

Algengar spurningar

Af hverju heyrðist ekki hljóð í innöndunartækinu þegar andað var inn?

Verið getur að hylkið sé fast í hylkishólfinu. Ef þetta gerist á að losa hylkið varlega með því að banka á neðri hluta innöndunartækisins. Andið lyfinu aftur inn með því að endurtaka skref 3a til 3d.

Hvað á að gera ef duft er eftir inni í hylkinu?

Ekki hefur verið notað nægilegt magn af lyfinu. Lokið innöndunartækinu og endurtakið skref 3a til 3d.

Hóstað er eftir innöndun – skiptir það máli?

Þetta getur komið fyrir. Ef hylkið er tómt hefur nægilegt magn af lyfinu verið notað.

Örlítill brot af hylkinu finnast á tungunni – skiptir það máli?

Þetta getur komið fyrir. Það er ekki skaðlegt. Líkurnar á að hylkið brotni í lítil brot aukast ef hylkið er gatað oftar en einu sinni.

Hreinsun innöndunartækisins

Þurrkið munnstyckið að innan og utan með hreinum, þurrum kusklausum klút til að fjarlægja leifar af dufti. Haldið innöndunartækinu þurru. Aldrei má þvo innöndunartækið með vatni

Förgun innöndunartækisins eftir notkun

Farga skal innöndunartækinu eftir að öll hylkin hafa verið notuð. Leitið ráða í apóteki um hvernig farga á lyfjum og innöndunartækjum sem ekki eru lengur í notkun.